

Slitlög - klæðingar - tilraunakaflar og úttektir. Gunnar Bjarnason, Vegagerðin og Pétur Pétursson, PP ráðgjöf - júní 2019.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir úttektum ýmissa klæðingakafla þar sem ýmist hefur verið notuð bikþeyta eða þjálbik í slitlagagerðina. Kaflarnir eru ýmist tilraunakaflar, eða kaflar þar sem ótímabærar skemmdir hafa komið fram eða aðrar sérstakar aðstæður hafa komið upp. Úttektirnar eru gerðar 2018 og vorið 2019. Þetta er framhald fyrri úttekta sem gerðar hafa verið árlega frá því að tilraunir hófust aftur með bikþeytu í klæðingar árið 2013. Í skýrslunni er gerð ítarleg grein fyrir úttektunum m.a. með ljósmyndum af köflunum sem skoðaðir voru.

Niðurstöður mats á köflum á Vestur- og Norðurlandi eru dregnar saman. Fram kemur að um 43% klæðinganna voru metnar óskemmdar eftir einn vetur, óháð því hvort bikþeyta eða þjálbik er notað, hvort steinastærð er 8/11mm eða 11/16 mm og einnig óháð námu. Hins vegar voru 8% af köflunum metnir ónýtir eftir einn vetur og er það m.a. rakið til þess að klæðingin hafi ekki þolað nagladekkjaáraun sem er á viðkomandi vegi. Bent er á að e.t.v. þurfi að huga að því að nota frekar malbik en klæðingar við slíkar aðstæður.

Fram kemur að skemmdir á klæðingaköflum á Suðurlandi frá árinu 2018 megi líklega rekja til þess að ethylester úr lýsi var ekki blandað í bikið eins og fyrirskrifað var. Bikið var þannig seigara en gert var ráð fyrir við útsprautun. Við þessar aðstæður getur hins vegar verið erfitt fyrir verktaka og eftirlitsmenn að sjá almennilega gegnum gufukófið hvort spíssar eru að dreifa bindiefni eins og til stendur og skemmdir koma ekki fram fyrr en eftir að kaflinn hefur verið sópaður.

Auk úttekta er gerð grein fyrir prófunum á ýmsum steinefnum sem notuð hafa verið í klæðingar undanfarin ár. Í umræðu um það kemur fram að í sumum tilvikum hafa verið notuð steinefni í klæðingar, sem ekki standast allar kröfur sem settar eru fram í efnisgæðariti Vegagerðarinnar en þó eru oft dæmi um að steinefni sem falla á einhverjum eiginleikum hafi reynst vel. Það er á valdi hönnuða að velja hvaða kröfur eru settar til steinefna, en mikilvægt að rökstyðja ef valið er að slaka á þeim. Bent er á að mikilvægt sé að prófa steinefni í samræmi við efnisgæðaritið einkum ef um umferðamikla vegi er að ræða.